

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**5. fundur 2022 (113. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 05.12.2022 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneytinu var gestur fundarins.

**1. Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar**

Lagt var fram erindi Suðurnesjabæjar varðandi lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs. Um er að ræða breytingu á skilgreiningu svæðis frá skilgreindri notkun opins svæðis í núgildandi aðalskipulagi í skilgreinda notkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis, þar sem stefnt er að uppbyggingu gistirýma til útleigu fyrir ferðamenn. Með erindinu fylgdi skipulagslýsing, dags. 15. september 2022, unnin af Kanon arkitektum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu eða fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs.

Skipulagsnefndin hafði samþykkt erindið milli funda á rafrænan hátt og var sú ákvörðun staðfest á fundinum.

**2. Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar**

Lögð var fram tillaga að nýju aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, dags. 24.10.2022. Um er að ræða heildarskipulag hinna sameinuðu sveitarfélaga Garðs og Sandgerðis.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna að öðru leyti en því að vakin er athygli á að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar gilda einnig út fyrir flugvallar- og öryggissvæði flugvallarins.

**3. Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Iðnaðarsvæði I5 á Reykjanesi**

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 22.11.2022, þar sem óskað er umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæði I5 er stækkað og heimilt byggingarmagn er aukið skv. meðfylgjandi uppdrætti, dags. 16.11.2022.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

#### **4. Umræður um starf og stöðu skipulagsnefndarinnar og verkefni framundan**

Ráðinn hefur verið nýr skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar. Er það Björn Ingi Edvardsson og er hann boðinn velkominn til starfa. Mun hann vinna með Sveini Valdimarssyni skipulagsfulltrúa út janúar 2023 er Sveinn lætur af störfum.

Kristinn Halldórsson hefur látið af störfum sem fulltrúi í nefndinni. Er honum þakkað ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Gísli Jónatan Pálsson mun væntanlega taka sæti Kristins í nefndinni.

Í samráðsgátt stjórnvalda er frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Í 6. grein frumvarpsins er fjallað um skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Þar er m.a. lagt til að tilnefndir verði varamenn í nefndina og tilgreint er að nýju hverjir tilnefna nefndarmenn.

Rætt var vítt og breytt um skipulagsmál flugvallarins, einkum flugbrautir og legu þeirra. Rætt var í því sambandi um sviftivindi frá nálægum byggingum við flugbrautir.

#### **5. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23. janúar 2023 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx>